

Nr. 018 / 09 Goðafoss***Skipverji slasast við fall***

IMO nr. 9086796
Smíðaður: Danmörku 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14800kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. desember 2008 var Goðafoss á siglingu SV af landinu á leið til Reykjavíkur. Veður: SV 8-10 m/s og mikill sjór

Skipverji sem var að vakna til vinnu fór fram úr koju sinni en náði ekki að fóta sig á gólfinu þegar skipið tók mikla veltu. Hann hrasaði yfir herbergið og féll á skrifborð en á leiðinni rakst vinstra hné hans í skrifborðsstól með þeim afleiðingum að hnéð bólгнаði og var aumt á eftir.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa látið færa atvikið til bókar eins og vinnulag í skipinu kveður á um en eymslin í hnénu hafi jafnað sig fljótlega.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.